

hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 2.150.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. júní 1982.

Nr. 5/1980.

Pétur P. Melsteð

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Valgerði Engilbertsdóttur

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Övigð sambúð. Fjárskipti. Skuldamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. janúar 1980. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefndu gegn greiðslu á 950.00 krónum, vaxtalaust, og verði málskostnaður í héraði látinn niður falla, en stefnda dæmd til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að tildæmd fjárhæð samkvæmt héraðsdómi verði lækkuð og málskostnaður látinn niður falla í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Til vara krefst hún þess, að áfrýjanda verði gert að greiða sér aðra lægri fjárhæð en greinir í héraðsdómi, og til þrautavara, að áfrýjanda verði gert að greiða sér 950.00 krónur með 1.5% dráttarvöxtum á mánuði frá 18. október 1973 til 1. ágúst 1974, 2% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. ágúst 1974 til 1. desember 1976, 2.5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. desember 1976 til 1. ágúst 1977, 3% dráttar-

vöxtum á mánuði frá 1. ágúst 1977 til 1. júní 1979, 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september 1979, 4,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. maí 1982 og 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Í öllum tilvikum krefst stefnda málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefndu var lýst yfir því fyrir Hæstarétti, að ekki væri á því byggt af hennar hálfu, að hún hefði öðlast neina hlutdeild í eignamyndun áfrýjanda á sambúðartímanum.

Fallist er á þá niðurstöðu héraðsdóms, að stefnda eigi rétt á endurgjaldi úr hendi áfrýjanda fyrir vinnuframlag hennar á sameiginlegu heimili þeirra. Óumdeilt er, að áfrýjandi skuldar stefndu 950.00 krónur. Með þessari athugasemd ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um annað en vexti. Ber áfrýjanda að greiða vexti af fjárhæð þessari frá 29. nóvember 1973, en mál út af ágreiningi aðilja var upphaflega þingfest þann dag.

Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu 6.000.00 krónur með 9% ársvöxtum frá 29. nóvember 1973 til 1. ágúst 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, 34,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefndu 4.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Pétur P. Melsteð, greiði stefndu, Valgerði Engilbertsdóttur, 6.000.00 krónur með 9% ársvöxtum frá 29. nóvember 1973 til 1. ágúst 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, 34,5% ársvöxtum frá

þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefndu 4.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Ármanns Snævarr og
Sigurgeirs Jónssonar.**

I.

Við erum sammála meiri hluta dómara um úrlausn um kröfu stefndu vegna láns hennar til áfrýjanda, nú að fjárhæð 950.00 krónur.

II.

Málssókn þessi er að öðru leyti af hálfu stefndu gagnert á því reist, að hún eigi tilkall til launa vegna vinnuframlaga á sameiginlegu heimili málsaðilja. Eru kröfur hennar eigi á því byggðar, að hún hafi öðlast hlutdeild í eignamyndun, sem varð hjá áfrýjanda, meðan sambúð þeirra stóð.

Í aðiljaskýrslu stefndu kemur glögglega fram, að hún hafi eigi litið á sig sem ráðskonu á heimili málsaðilja, enda verður staða sambúðarkonu almennt eigi virt á þann veg. Krafa hennar, sem reist er á þessum lagagrundvelli, er því eigi tæk, og ber að sýkna áfrýjanda af kröfunni, eins og hún er úr garði gerð. Svo sem málabúnaði er háttað af hálfu stefndu. Verður ekki efni til að leysa úr því, hvort hún eigi tilkall

til hlutdeildar í þeirri eignamyndun, sem varð hjá áfrýjanda á sambúðartíma þeirra.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu 5.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. nóvember 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 19. f. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, dagsettri 7. maí 1979, og var málið þingfest 10. maí 1979.

Stefnandi málsins er Valgerður Hanna Engilbertsdóttir, Vesturbergi 26, Reykjavík.

Stefndi er Pétur Þór Gunnlaugsson Melsted, Maríubakka 16, Reykjavík.

Stefnandi gerir nú þær dómkröfur, að „stefnda verði gert að greiða stefnanda, *aðallega*, kr. 871.594,- ásamt 9% ársvöxtum frá 6. september 1973 til 1. ágúst 1974, en með 13% ársvöxtum frá 1. ágúst 1974 til 20. nóvember 1976, en með 16% ársvöxtum frá 20. nóvember 1976 til þingfestingardags 10. maí 1979, en með dómvöxtum, sbr. l. nr. 56/1979, frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins.

Til vara er krafist greiðslu á kr. 95.000.- ásamt 1,5% dráttarvöxtum á mánuði frá 18. október 1973 til 1. ágúst 1974, en með 2% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. desember 1976, en með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. ágúst 1977, en með 3% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1979, en með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september 1979 og með 4,5% dráttarvöxtum fyrir hvern hafinn vanskilamánuð frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins.“

Af hálfu stefnda er gerð krafa „*aðallega* um algera sýknu, að öðru leyti en því, að stefndi greiði kr. 95.000.00, sem enn og alltaf hafa staðið til boða. Jafnframt er þess krafist, að málskostnaður verði eftir atvikum látinn niður falla. *Til vara* er krafist lækkunar stefnukröfunnar eftir mati réttarins.“

Samkomulag er með aðiljum að ganga fram hjá sáttanefnd.

Ítrekaðar sáttaumleitanir hér fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

Þetta ágreiningsmál hefur áður verið til meðferðar fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað

upp dóm í málinu 20. nóvember 1975. Stefnandi áfrýjaði þeim dómi. Með dómi Hæstaréttar 7. mars 1978 felldi Hæstiréttur héraðsdóminn úr gildi og vísaði málinu frá héraðsdómi. Stefnandi höfðaði nýtt mál 6. júní 1978, en það mál var fellt niður 25. apríl 1979. Er ágreiningsefni þetta því nú í þriðja sinn lagt fyrir bæjarþingið til dómsmeðferðar.

I.

Í stefnu er málavöxtum lýst á þessa leið:

„Málavextir eru í stuttu máli þeir, að hinn 15. október 1970 höfu stefnandi og stefndi sambúð að Maríubakka 16, Reykjavík, með væntanlegt hjónaband í huga. Eftir tæplega þriggja ára sambúð, eða þann 6. september 1973, slitnaði uppúr samvistum þeirra, og stefnandi fór burt af heimilinu ásamt dóttur þeirra, Ragnheiði, fæddri 6. maí 1971. Á sambýlistímabilinu rugluðu þau saman fjárreiðum sínum á margvíslegan hátt, en aðalverkefni stefnanda var, auk þess að vinna úti, að kosta daggæslu dótturinnar, kaupa mat í heimilið, föt á sig og barnið, kaupa heimilistæki, ef afgangur var, og síðast en ekki síst að hugsa um heimilið. Stefnandi lagði nokkrum sinnum verulegar fjárhæðir í vissa áfanga vegna íbúðarinnar, svo og til bílkaupa, og er getið um þær fjárhæðir á skattskýrslu, þ. e. samtals kr. 130.000,- um áramót 1972—1973.

Stefnandi krefst þess aðallega, að stefndi greiði henni fyrir vinnuframlag hennar á heimili þeirra, og beri þá að hafa í huga fjárframlög hennar til heimilishaldsins, framfærslu dóttur þeirra og þá aðstoð, er hún veitti stefnda við að eignast íbúð og nýja bifreið, og að auki viðurkennda skuld kr. 95.000,-.

Til vara er krafist endurgreiðslu á þessari viðurkenndri skuld kr. 95.000,- auk dráttarvaxta. Stefnandi hefur aðeins viljað viðurkenna kr. 95.000,- án dráttarvaxta, en ekki viljað sinna kröfum um laun vegna vinnuframlags á heimilinu né heldur upphaflegri kröfu um helmingaskipti á búi þeirra. Málsókn er því óhjákvæmileg.“

Í greinargerð hefur lögmaður stefnanda lýst málavöxtum nánar svo, „að hinn 15. október 1970 byrjuðu stefnandi og stefndi að búa saman með hjónaband fyrir augum í 3ja herb. íbúð að Maríubakka 16, Reykjavík, sem stefndi hafði þá nýlega keypt. Kaupverð íbúðarinnar mun hafa verið kr. 870.650,- og var það miðað við, að hún væri tilbúin undir tréverk. Kaupverð var greitt á eftirfarandi hátt:

1. Innborgun á kaupsamning 1969	kr. 100.000,-
2. Andvirði lána frá Veðdeild L. Í. skv. veðbr. dags. 10. 2. '70 og 19. 10. '70	— 440.000,-
3. Andvirði annarra lána og eigið framlag á árinu 1970	— 250.000,-
4. Greitt á árinu 1971	— 80.650,-

Samtals kr. 870.650,-

Þegar sambúðin hófst, var því eftir að greiða hluta kaupverðs þrátt fyrir miklar lántökur stefnda á árinu. Heildarskuldur stefnda munu hafa verið 847.499,- um áramót 1970—1971. Þá var eftir að innrétta íbúðina að mestu, þegar þau fluttu, en búið var að setja upp tæki á baði, mála íbúðina lauslega og koma fyrir hurðum að baði og eldhúsi. Á sambúðartímabilinu luku þau við að innrétta íbúðina og keyptu þá m. a. eldhúsinnréttingu, teppi og skápa. Þau settu einnig gólfduk á bað og eldhús, komu fyrir gluggastöngum, gluggatjöldum, tóku þátt í að fullklára sameign og lóð, nema hvað eftir var að malbika bifreiðastæði. Á sambúðartímabilinu eignuðust þau dóttur, sem fæddist 6. maí 1971.

Verkaskipting hjónaefnanna var með venjulegum hætti ungs fólks, bæði unnu úti, hún sem fóstura og hann á sinni eigin rakarastofu. Þegar þau eignuðust dótturina, fékk stefnandi barn eignarfrí í þrjá mánuði, en þar sem um var að ræða stuttan starfsaldur, fékk hún aðeins greidd hálf laun á því tímabili. Verkefnin, sem þau unnu að fyrstu mánuði sambúðarinnar, voru að koma íbúðinni áfram og undirbúa komu barnsins. Laun stefnanda fóru aðallega í þarfir heimilisins, þ. e. matarkaup, kaup á heimilistækjum, en auk þess lagði hún fram kr. 50.000 í einu lagi í íbúðina, og var þeirri fjárhæð getið á skattskýrslum aðilanna, sem töldu fram sitt í hvoru lagi, eins og þágildandi lög kröfðust. Þá hugsaði stefnandi um allt húshald og þjónaði bæði sér og stefnda. Laun stefnda munu frekar hafa farið til að greiða af íbúðinni og kaupa bílinn, en að öðru leyti rugluðu þau alveg saman fjárreiðum sínum.

Þegar stefnandi fór aftur að vinna úti eftir fæðingu dótturinnar, sá hún henni fyrir gæslu og greiddi hana auk þess sem hún sá að mestu um heimilið og lagði enn fram kr. 30.000,- til framkvæmda við íbúðina. Sama verkaskipting hélst milli aðilja, þar til þau slitu samvistum 6. september 1973.

Brúttótekjur stefnanda voru kr. 249.009,- á árinu 1970, kr.

254.580,- á árinu 1971, kr. 311.833,- á árinu 1972 og kr. 468.889,- á árinu 1973, eða samtals á þessum fjórum árum kr. 1.284.311,-. Allar þessar tekjur, sem aflað var á sambúðartímanum, gengu til framfærslu hennar, telpunnar og stefnda. Tekjur stefnda munu hafa verið litlu meiri á tímabilinu, og reyndar munu nettótekjur hans til ráðstöfunar hafa verið minni, þegar tillit er tekið til þess, að stefndi þurfti að greiða meðlag með þremur og síðan tveim börnum á sambúðartímabilinu.“

Stefnandi gaf skýrslu fyrir dómi 21. nóvember 1974. Hún skýrði þá svo frá, að það hefði verið hún, sem tekið hefði af skarið og farið frá stefnda eftir nokkurra mánaða ósamkomulag, sem að miklu leyti hefði stafað af ágreiningi um fjármálin þeirra á milli, enda kvað hún stefnda hafa ýtt á eftir því, að hún færi. Hún kvað fjármálaágreining þeirra hafa byggst á því meðal annars, að hún hafi aldrei neitt fengið að vita um fjármál stefnda, hvorki tekjur hans né skuldir. Hins vegar hafi hann fengið að vita, hverjar tekjur hún hafði og hvernig þeim var varið, auk þess sem hann hafi tekið þátt í að ráðstafa þeim, t. d. með því að óska eftir, að hún legði ákveðnar fjárhæðir í þetta eða hitt, sem hann taldi, að þyrfti að gera. Stefnandi kvaðst ekki hafa átt neinar sérstakar eignir, þegar þau, hún og stefndi, hófu sambúðina, aðrar en húsgögn í eitt herbergi eða svo. Hún kvaðst hafa tekið með sér persónulega muni sína og hluti, sem hún hafði sérstaklega keypt, þegar upp úr sambúðinni slitnaði, svo sem ísskáp, þvottavél, hrærivél og borðstofusett. Verðmæti þessa kveður hún samtals hafa verið kr. 117.200, en af því hafi verið ógreiddar kr. 24.000. Í framangreindri fjárhæð kvað hún einnig hafa verið ryksugu, kr. 13.600, sem hafi verið andvirði happdrættisvinnings. Stefnandi kvað stefnda oft hafa sagt sér, að hann væri peningalaus. Hún kvað hann ekki hafa lagt það mikið til heimilisins, að hún teldi, að hann hefði getað séð fyrir því, ef hún hefði ekki unnið úti. Kvað hún sérstaklega hafa reynt á þetta í þá tæpa tvo mánuði, sem hún hafi ekki unnið úti á sambúðartímanum.

Stefnandi gaf aftur skýrslu fyrir dómi 14. mars 1979 og skýrði þá m. a. svo frá: „Stefndi flutti í íbúðina að Maríubakka 16 6. september 1970, en ég sagði upp herbergi, sem ég hafði, frá og með 15. október 1970 og flutti þá að Maríubakka 16, en ég var búin að vera meira og minna þar áður. Sambúðartímabilið er því alls ekki ofreiknað í stefnu málsins. Ég hafði lengi vel lögheimili skráð að Bakka í Ölfusi, en eftir að ég átti Ragnheiði, skömmu eftir það, skráði ég lögheimili að Maríubakka 16.“

Í aðiljaskýrslu, dagsettri 9. september, hefur stefnandi m. a. tekið fram:

„Vegna greinargerðar, dómskjal nr. 18, sé ég mig knúna til að svara ýmsu, sem þar kemur fram. Það er dregið í efa, að um ástarsamband hafi verið að ræða, og er gefið í skyn, að afbrigðilegar ástæður til sambúðar hafi ráðið gerðum. Ég legg á það þunga áherslu, að það var stofnað til þessarar trúlofunar og sambúðar af *eðlilegum* ástæðum frá minni hálfu og einlægum vilja til hjúskaparstofnunar síðar. Í því sambandi vil ég benda á, að við höfðum þekkt í tæpt ár og með okkur tekist nán kynni, áður en við stigum það skref að stofna til sambúðar. Vil ég því mótmæla öllu tali um heimavistarsamning. Ég leit aldrei á mig sem þjónustu hans né matmóður. Ég tel, að um eiginlega sambúð hafi verið að ræða, ég lagði heimilinu til eins og hann auk þess að annast dóttur okkar og heimilishald, sem að nær öllu leyti hvíldi á mér. Fjármál mín hafa nú verið tekin til meðferðar og áætlað, hvernig þeim hafi verið varið á sambúðartímabilinu. Væri því fróðlegt, að á móti kæmi upplýsingar um, hvernig tekjum hans var varið á umræddum tíma. Fyrir hvaða fé hann greiddi skuldir af íbúðinni og barnsmeðlög, sem safnast höfðu fyrir. Einnig vil ég víkja að því, að bent er á kostnað við akstur á okkur mæðgum á heimili foreldra minna, og áttu þessar ferðir að koma á móti matseld og þjónustu og öðru, sem ég lagði af mörkum. Ég vil benda á, að ég lagði til fé til endurnýjunar á bifreið og einnig, sem ég hef ekki kosið að tíunda áður, að þessar ferðir gáfu okkur drjúgt í aðra hönd. Foreldrar mínir studdu mjög við bakið á okkur strax í upphafi sambýlis okkar. Þess er getið, að greiðsla á umræddum 95.000 kr. hafi staðið til boða strax frá upphafi málaferlanna. Hér er farið með ósannindi, því langt var um liðið, þegar þessar krónur voru sendar, þær voru fyrst sendar 10. febrúar 1977. Orðrétt stendur í greinargerð á bls. 4, „að þau tækju upp sambúð sem trúlofuð væru“ o. s. frv., einnig á bls. 5, „fyrir henni virðist sambandið fyrst og fremst hafa verið fjármálalegs eðlis“ o. s. frv. Ég vil því spyrja, við hvað er átt? Ég upplýsi hér, að við opinberuðum trúlofun okkar 5. desember 1970 að fúsum og frjálsum vilja beggja, lögðum ýmis framtíðarplön, eins og títt er um heitbundið fólk, og taldi ég ekki stofnað til þessarar trúlofunar af annarlegum hvötum. Varðandi ósæmilegar aðdróttanir í minn garð um ótrúmennsku og jafnvel að annar maður hafi ævinlega verið í bakhöndinni, vísa ég á bug sem tilhæfulausum uppspuna. Sá maður, sem hér

um ræðir, dvaldist meira og minna erlendis á umræddu tímabili. Og gæti ég sannað, að ekkert samband var okkar í milli á þessum tíma. Ég vil benda á, að strax er sambúð okkar lauk, fluttist ég í leiguíbúð að Leirubakka 16 ásamt systur minni, Svövu Engilbertsdóttur, sem einnig fluttist með mér í 2ja herb. íbúð mína og föður míns að Vesturbergi 26, og hélt hún heimili með mér og dóttur minni allt til sumarsins 1975. Þess má geta, að þá er ég flutti, átti ég einungis laun mín frá síðasta mánuði, en þurfti að sjálfsögðu að greiða háa upphæð í fyrirframgreiðslu. Pétur spurðist aldrei fyrir um hag okkar mæðgna, og ljóst er, að oft hefði verið þröngt í búi, ef ég hefði ekki notið aðstoðar góðra foreldra. Engar peningagreiðslur frá honum stóðu til boða þá.

Í greinargerð á bls. 5 hefur verið dregin upp mynd af fyrir-myndarheimilisföður, og vil ég sem minnst breyta þeirri mynd. Ég vil geta þess, að ég taldi, að töluverð breyting hafi orðið á högum mínum við að stofna heimili og ekki síst við að eignast barn. Þessu fylgdi mikil ábyrgð að mínu mati, sem ég vildi rækja af alúð, en sambýlismaður minn var ekki sammála, því hann sagði oft, að hann ætlaði ekki að breyta sínum lifnaðarháttum fyrir mig og barnið. Einnig vil ég benda á, að um mikla fjármála-óreiðu var að ræða, og fyrir kom, að ég var skilin eftir í myrkri með barnið, vegna þess, að vanrækt var að greiða slíkar skuldir.

Mér er borin á brýn fégræðgi, en láí mér hver sem vill, að ég loks gerði uppreisn gegn slíku.

Samfara tíðum árekstrum út af slíkum málum fóru hlýjar tilfinningar kólnandi. Í þessu sambandi kys ég að segja aðeins eina dæmisögu varðandi ábyrgðarleysi og tillitsleysi í sambandi við afdrifaríkan atburð í sambúðinni. Ég fæddi barn okkar fimmtudaginn 6. maí 1971, og það var stoltur faðir, sem heimsótti okkur mæðgur þá, og að sjálfsögðu setti ég allt mitt traust á hann varðandi úrlausn okkar mála þessa viku sem og endranær. Ákveðið var, að hann málaði og lagfærði ýmislegt á heimilinu, áður en ég kæmi heim með barnið. Hann heimsótti mig reglulega og var hinn hressasti þar til á sunnudag, þá kom hann seint í heimsóknartíma, og spurði ég þá fréttu og fékk að vita, að sá tími, sem ég var í burtu, hafði verið vel notaður, skemmtistaðir sóttir tvö kvöld og áfram skyldi haldið þá um kvöldið, en öll lagfæring heima fyrir hafði setið á hakanum. Þar sem ég átti lögheimili í Árnessýslu, þurfti að greiða fyrir dvöl mína á fæðingarheimilinu. Þegar upp var staðið eftir umræddar skemmtiferðir, voru peningar þrotnir, og þurfti hann að slá lán til að

greiða fyrir mig (sú upphæð kom síðar í formi fæðingarstyrks). Sýnir þetta glöggð ábyrgðarleysi hans í fjármálum. Hann yfirgaf mig grátandi þennan sunnudag og lét sér í léttu rúmi liggja um líðan mína. Ég tel mig vart þurfa að lýsa vonbrigðum og öryggisleysi á þeirri stundu.

Á bls. 6 í greinargerð er farið fölskum orðum um stöðu mína, útlit og heilsufar. Ég vil benda á, að aldur minn er staðreynd, en ég spyr, hvaða sannanir eru fyrir því, að ég hafi farið í gegnum þetta tímabil án tilfinningalegra áfalla og margþættra vandræða og hvaða upplýsingar liggja fyrir um andlega og líkamlega heilsu mína.

Um tímalengd sambúðar er rangt með farið, og ég vil upplýsa, að hún stóð í tæp 3 ár.

Í þessi 3 ár lagði ég allt mitt kapp á að bæta hag heimilis okkar, lagði hart að mér með vinnu, og mínum launum var ætíð ráðstafað í okkar þágu og heimilisins. En hans fjármál voru mér að mestu hulin, jafnt tekjur og hvernig þeim var varið, nema að litlu leyti svo og einstöku skuldir, t. d. meðlög. Tel ég því hér að framangreindu, að kröfur mínar séu réttmætar og á rökum reistar. Það eru mér sár vonbrigði að þurfa að tíunda hér um mín einkamál og ýmis önnur leiðindamál, sem best væru gleymd og grafin, en ég tel mig tilneydda eftir lestur greinargerðar andstæðings míns. Mál þetta er risið út af ágreiningi fyrst og fremst vegna fjármálauppgjörs við sambúðarslit, og tel ég allar aðdróttanir í minn garð ákaflega ósmekklegar.“

II.

Stefndi hefur í ódagsettri aðiljaskýrslu m. a. skýrt svo frá:

„Ég tel það með öllu fráleitt að tala um vangoldið „ráðskonukaup“. Valgerður var alls ekki „ráðskona“, ekkert frekar en ég, (ef svo má að orði komast) við vorum sambýlisfólk og lögðum sameiginlega í heimilið, en höfðum bæði fulla vinnu úti. Það má til sanns vegar færa, að sambúð þessi hafi verið „með hjónaband fyrir augum“, en þó verður að segja það eins og er, að okkur varð fljótlega ljóst, að úr giftingu gæti ekki orðið, við áttum sem sé ekki skap saman. Sérstaklega kom þetta vel fram hjá Valgerði, þar sem að hún hafði hvað eftir annað við orð að slíta sambúðinni og fara af heimilinu, sem hún að lokum gerði, ótilkvödd af minni hendi, að því er ég tel, enda þótt segja megí hér sem endranær, að sjaldan valdi einn, þegar tveir deila. Þess vegna fór það þannig, að við rugluðum ekki saman reitum okk-

ar nema að nokkru leyti, aðallega í sambandi við sjálft heimilis-haldið. Valgerður byrjaði að eignast og safna sér ýmsum heimilistækjum, verðmætum mörgum hverjum, en ég hélt áfram að fullgera íbúðina, meðan við bjuggum saman, en hana hafði ég eignast árið 1969 (tilbúna undir tréverk). Bifreið átti ég einnig áður en við fórum að búa saman. Valgerður var aldrei ráðin sem ráðskona, og það var henni frá því fyrsta vel ljóst, enda vann hún fulla vinnu úti, eins og áður segir (fóstra á dagheimili). Við höfðum sameiginlegt matarhald, sem var kvöldmatur og máltíðir um helgar, en að öðru leyti borðaði hún venjulega í vinnunni. Heimilisstörfunum skiptum við á milli okkar, eins og gerist og gengur með sambýlisfólk nú orðið, ef hún var við heimilisstörf, hafði ég krakkann úti og öfugt, og innkaup og aðrir snúningar vegna heimilisins hvíldu ekki síður á mér heldur en henni. Eins og ég gat um, var heimilishaldið sameiginlegt, við lögðum bæði til heimilisins, bæði innkaup og vinnu, og er mjög erfitt að gera upp á milli okkar að því leyti. Ég átti, eins og áður segir, nokkrar eignir, er við hófum sambúð. Hins vegar átti Valgerður ekkert, þegar hún flutti til mín, annað en sófa og kómmóðu, en hefur eignast í sambýlinu allmikið af verðmætum munum, svo sem ísskáp, þvottavél, hrærivél, borðstofusett o. m. fl. Þessa muni hefur hún alla tekið með sér. Ennfremur á hún hjá mér 130.000.00, sem hún lánaði mér, eins og áður segir, og tekur það reyndar tvímæli af, að við litum ekki á okkur sem sameignarfólk, enda taldi hún fram sérstaklega, hún átti og sparimerki sín, að því er ég best veit, óhreyfð.“

Stefndi gaf skýrslu fyrir dómi 20. febrúar 1975, og kvað hann efni framangreindrar skýrslu sinnar vera rétt. Jafnframt skýrði hann svo frá, að hann hefði alls ekki ýtt á eftir því, að stefnandi færi, hún hafi verið búin að taka ofan hringinn og tala við lögfræðing, áður en hann hafi nokkuð vitað af því. Hún hafi að vísu verið búin að hóta því áður að slíta sambúðinni. Þá sagði stefndi, að allt það, sem stefnandi hafi lagt í íbúðina, svo sem gólfteppi, sem hún hafi borgað útborgunina í, og eldhúsinnrétting, sem hún hafi lagt fram kr. 10.000 í, hafi hún gert að eigin ósk til þess að ýta á eftir, að þetta yrði gert. Auk þess hafi hún keypt gardínustengur í tvö herbergi. Allt þetta kvað stefndi vera innifalið í þeim krónum 130.000, sem hann hafi þegar viðurkennt að skulda henni, en af þessari fjárhæð hafi hann þegar greitt kr. 35.000 með því að borga víxil fyrir stefnanda á síðastliðnu ári.

Stefndi kvað það ekki rétt hjá stefnanda, að hann hefði ekki lagt það mikið til heimilisins, að hann hefði ekki getað séð fyrir því, þótt hún ynni ekki úti. Hann kvað það geta verið daga-eða vikumun á því, hversu miklar tekjur hans væru, auk þess sem hann þyrfti stundum að borga meira í einn tíma en annan, en hins vegar hafi þau ekki lent í neinum vandræðum af þeim sökum.

Stefndi kvað kr. 50.000 af þeim kr. 130.000, sem hann hafi viðurkennt að skulda stefnanda, vera þannig til komnar, að hann hafi þurft að endurnýja bíl sinn og fengið víxil í Landsbankanum að fjárhæð kr. 50.000, sem stefnandi hafi verið samþykkjandi á, en hann útgefandinn, og hafi hún síðan greitt af víxl-inum. Kvað stefndi bílinn hafa verið til sameiginlegrar notkunar fyrir þau bæði og kvaðst hafa keyrt stefnanda á hverjum morgni í vinnuna og barnið á barnaheimilið og hana sjálfa þrív-ar í mánuði austur fyrir fjall til foreldra sinna.

Stefndi gaf aftur skýrslu fyrir dómi 14. mars 1979, og skýrði þá svo frá: „Auk Ragnheiðar, sem er fædd 6. maí 1971, á ég börn-in Grétar, sem er fæddur 1960, Sigríði, sem er fædd 1962, og fjórða barnið, sem fæddist á milli Sigríðar og Ragnheiðar. Það barn er ættleitt. Ég greiddi með síðastgreindu barni, þar til það var ættleitt, en ég man ekki, hvenær það var ættleitt. Ég man ekki, hve mikið ég greiddi með börnunum í heild í meðlög. Ég skuldaði meðlög, þegar sambúðin hófst, en ég man ekki, hve mikið ég skuldaði í meðlög, þegar sambúðinni lauk. Ég man ekki, hvort að skuldin var hærri eða lægri í upphafi og lok sambúðartímans. Ég óska að taka fram, að ég var fluttur inn í íbúð-ina töluvert áður en sambúð hófst. Við vorum þó saman áður, en vorum þó ekki farin að búa saman. Valgerður var keyrð í vinnuna á sambúðartímanum á hverjum morgni og sótt líka. Ég fór með krakkann þangað, þar sem hann var í pössun. Ég krafði Valgerði aldrei um húsaleigu á sambúðartímanum. Ég átti notað teppi, sem ég setti á stofugólfíð á Mariubakka 16. Eft-ir að við fórum að búa saman, þá vildi Valgerður, að við fengj-um annað teppi, og hún borgaði útborgun í teppinu. Svo borguð-um við af því til skiptis. Ég vil taka fram, að þessi útborgun í teppinu er innifalin í kr. 130.000,-, sem um ræðir í málinu.“

III.

Aðalkröfu sína styður stefnandi þeim rökum, að hún eigi rétt á launum fyrir vinnuframlag sitt á heimilinu. Það hafi miklu

fremur komið í hennar hlut, sem van styttri tíma utan heimilisins, að hugsa um heimilið, elda, þjóna þeim og gæta dótturinnar. Eðlilegt sé í samræmi við dómvenju að miða launin við laun matráðskvenna, sbr. bréf og útreikninga Verkakvennafélagsins Framsóknar á dómskjali nr. 6 sem og útreikninga á kröfunni á dómskjali nr. 3, en samtals séu launin kr. 776.594, að viðbættum kr. 95.000, sem er viðurkennd skuld. Þar sem ekki séu til neinar lagareglur um, hvernig skuli fara með fjárskipti félagsbúa hjóna, sem lifa í óvígðri sambúð, sé enn eðlilegra en ella að taka fullt tillit til þessarar kröfu. Stefnandi kvaðst hafa á sambúðartímanum stutt stefnda við að komast yfir 3ja herbergja íbúð og ljúka frágangi hennar svo og til að endurnýja bifreiðina. Í þessu sambandi megi nefna svokölluð lán, sem voru orðin kr. 130.000 um áramótin 1972/1973. Krónur 35.000 hafi stefndi greitt fljótlega eftir það, en núvirði eftirstöðvanna sé um ein milljón króna, ef tekið sé mið af vísitölu byggingarkostnaðar. Þá beri einnig að taka tillit til þess, að hún hafi ekki fengið greitt meðlag með dóttur þeirra né heldur mæðralaun eða sérstakan fæðingarstyrk úr hendi stefnda.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að hin umstefnda krafa sé mjög sanngjörn, þegar litið sé til málavaxta í heild, einkum þess, að brunabótamat íbúðarinnar Mariubakka 16, sem stefndi hafi fengið í sinn hlut við samvistarslitin, hafi numið kr. 10.456.000 þann 5. maí 1978, en hafi hækkað síðan.

Stefnandi vitnar sérstaklega til dóms Hæstaréttar 1978, bls. 893, kröfum sínum til stuðnings. Í þeim dómi sé sú niðurstaða staðfest, að III. kafli laga um réttindi og skyldur hjóna nr. 20/1923 eigi ekki við um skipti búna hjóna í óvígðri sambúð. Vegna þessarar niðurstöðu Hæstaréttar sé nú ekki krafist í máli þessu helmingaskipta á þeim eignum, sem aðiljar málsins eignuðust á sambúðartímabilinu, en voru skráðar á nafn stefnda, þrátt fyrir að slíkt gæti talist sanngjörn réttlætiskrafa.

Stefnandi byggir fjárhæð aðalkröfu sinnar um vinnuframlag sitt á kauptöxtum Verkakvennafélagsins Framsóknar, en samkvæmt útreikningi félagsins er krafan um vinnuframlagið sem hér segir:

Árið 1970	kr. 47.027
— 1971	— 228.252
— 1972	— 275.910
— 1973	— 225.405

Samtals kr. 776.594

Við ofangreinda fjárhæð bætir stefnandi hinni viðurkenndu skuld, kr. 95.000. Þannig verður samanlögð fjárhæð aðalkröfu stefnanda kr. 871.594, en við ákvörðun greiðslu úr hendi stefnda beri m. a. að taka tillit til þeirrar aðstoðar, sem stefnandi hafi veitt stefnda við að eignast íbúðina og nýja bifreið auk annars.

Af hálfu stefnanda hefur því verið haldið fram, að „lífeyrir“ sá, sem stefndi hafi haft til ráðstöfunar á árunum 1970, 1971, 1972 og 1973 hafi með hliðsjón af skattframtölum hans, sem liggja frammi í málinu, verið mjög lágur. Samkvæmt skattframtölum hafi stefndi haft í tekjur ofangreind ár eftirtaldar fjárhæðir: kr. 262.131 árið 1970, kr. 338.048 árið 1971, kr. 478.657 árið 1972 og kr. 616.925 árið 1973. Hefur lögmaður stefnanda reiknað út, hver „lífeyrir“ stefnda hafi í reynd verið nefnd ár samkvæmt skattframtölunum. Er það niðurstaða lögmannsins, að „lífeyrir“ stefnda hafi árið 1970 verið kr. 41.462, kr. 153.308 árið 1971, kr. 251.248 árið 1972 og kr. 292.509 árið 1973, og sé þá m. a. tekið tillit til skatta hans öll árin. „Lífeyrir“ stefnanda nefnd ár hafi hins vegar verið kr. 127.631 árið 1970, kr. 159.903 árið 1971, kr. 257.664 árið 1972 og kr. 436.183 árið 1973 og hafi skattar þá verið dregnir frá nema síðasta árið. Af þessu sé ljóst, að stefnandi hafi haft hærri „lífeyri“ til ráðstöfunar en stefndi, og beri að hafa þetta í huga við úrlausn málsins.

IV.

Því er haldið fram af hálfu lögmanns stefnda, að krafa stefnanda um að leggja beri ráðskonukaup til grundvallar við kröfugerð stefnanda fái ekki staðist, enda hafi ekki verið um neitt ráðskonusamband að ræða. Um „lagalega“ eða „bótægæfa“ sambúð hafi heldur ekki verið að ræða í venjulegum skilningi, þar sem sambúðartíminn hafi verið allt of skammur. Þá tekur lögmaðurinn m. a. fram: „Ekki virðist endilega haft „hjonaband fyrir augum“ (kanski öðrum þræði, fyrst í stað). Um „ástasamband“ aðila, á þessum tíma, liggur *ekkert* fyrir, og engin heimild til að ganga út frá einu eða neinu í þeim efnum. Enda var sambúðin af öðrum toga spunnin, sem nú skal greint. Það er vita-skuld, að hugtakið sambúð hefir margar merkingar, mörg tilbrigði, þó ekki falli undir þá skilgreiningu, sem hér á við, í sambandi við fjárgreiðslur eða bætur. Í því tilviki, sem hér liggur fyrir, var *einungis um að ræða matarfélag, einskonar heimavistar-samning, annað ekki*. Þyki öðrum málsaðila sambúðar sem á sig halli, *hefir hann sönnunarbyrðina*, enda var stefnanda innan

handar að tryggja sér sannanir, ef um slíkt hefði verið að ræða. Ég mótmæli því afdráttarlaust, — sem röngu, og allsendis ósönnuðu, — að stefndi skuldi stefnanda neitt frá þessum viðskiptum, nema þær 95 þús. krónur, sem aldrei hefir verið ágreiningur um og alltaf standa til boða.“

Lögmaðurinn bendir á, að ráðstöfunartekjur stefnanda hafi verið um 880.000 þann tíma, sem stefnandi telji, að sambúð hafi staðið. Frá þeirri fjárhæð megi draga kr. 130.000 vegna þess, að miða verði sambúðartímann við búferlaskráningu, en stefnandi hafi átt lögheimili að Bakka í Ölfusi hjá foreldrum sínum og ekki breytt því, fyrr en eftir að barn aðiljanna fæddist. Enn fremur beri að draga frá einkainnkaup stefnanda á húsgögnum, kr. 93.200, og lánveitinguna, kr. 95.000. Eftir standi þá um kr. 560.000. Þá beri að draga frá húsaleigu í 27 mánuði, sem áætla megi kr. 80.000. Eigin fatakaup og þess háttar gjöld og fleiri megi sjálfsagt varlega áætla allan tímann kr. 100.000. Samkvæmt þessum útreikningi ætti framlag stefnanda til heimavistarinnar ekki að fara fram úr kr. 380.000. Þar af sé ekki endurkræfur matar- og framfærslukostnaður stefnanda sjálfrar og sem svarar hálfum kostnaði vegna framfærslu barnsins. Þegar þetta sé dregið frá, gefi auga leið, að lítið sé afgangs. Við þetta sé því að bæta, að vinnuframlag stefnanda hafi ekki verið umtalsvert, því ekki hafi hallast á í þeim efnum milli málsaðilja. Vinnuframlag stefnanda væri þá einasta þvottur af stefnda og hreingerning á íbúðinni, en á móti kæmi þá bílkeyrsla í einkapágu stefnanda, ferðir austur fyrir fjall og svo framvegis.

Því er mótmælt af hálfu stefnda, að dómur Hæstaréttar 1978, bls. 893, geti verið fordæmi fyrir kröfum stefnanda í málinu, þar sem aðstæður hafi þar verið gerólíkar. Löng skrif um íbúðar kaup stefnda séu einnig allsendis utan gátta, enda hafi þau kaup verið um garð gengin, áður en stefnandi kom til. Það sé því villandi, þegar stefnandi haldi því fram, að hún hafi hjálpað stefnda til að „komast yfir íbúðina.“ Það rétta sé, að móðir stefnda hafi hjálpað honum mikið, á meðan hann var að festa sér íbúðina.

Varðandi sambúð og sambúðarslit almennt bendir lögmaður stefnda á, „að vitaskuld verður að gera allnokkrar kröfur eða skilyrði þess, að fjárgreiðslur (bætur) komi til greina. Sambúðin þarf að hafa verið „blívanleg“, reiknað með henni til fram-búðar. Það er ekki nægilegt, þótt fólk taki saman um stundarsakir, svo sem til þess að geta gefið barni, sem komið er af stað

(utan sambúðar), betri þjóðfélagslegan „status“, að því er fólkinu finnst. Sambúðin þarf að hafa varað svo lengi, að gengið verði út frá, að hlutaðeigandi hafi, ef svo má segja, misst af strætisvagni í lífinu, giftingarlega og/eða atvinnulega, svo sem vegna aldurs, heilsufars o. s. frv. Og sambúðin þarf að hafa verið meira en matarfélag, eða þá ráðskonustand, gera verður ráð fyrir, að hún hafi verið tilfinningalegs eðlis að einhverju marki. Og ganga verður út frá, að hlutaðeigandi hafi verið hlunnfarin á einn eða annan máta og sambúðarslitin valdið henni óeðlilegri röskun á stöðu og högum. Ljóst er, að ekkert þessara grundvallaratriða eiga við um sambúðarslit þau, sem hér er um að tefla. Auðvitað eru þessi atriði ekki tæmandi. Það verður til dæmis að teljast ólíklegt, að sá aðilinn, sem rífur slíka sambúð, og án sannanlegs tilefnis, geti haft uppi bótakröfur, nema þá í alveg sérstökum tilfellum. „Tilefni“ það, sem stefnandi ber fyrir í þessu máli, er ekki veigamikið, (stórlega ýkt þar að auki) en ber með sér, að sambúðin hefir ekki staðið djúpum rótum, a. m. k. stefnanda megin. Það er staðreynd í málinu, viðurkennd eða ómótmælt, að stefnandi rífur sambúðina, flytur burt að eigin frumkvæði og án nægilegs tilefnis og tekur síðan upp sambúð með öðrum manni. Kemur ekki til mála að láta þetta liggja í þagnar-gildi, þótt stefnandi vilji kalla það „einkamál“, þetta er þvert á móti veigamikið atriði í málinu. Hitt er svo kanski ekki málsatriði, en má gjarnan koma fram, að því fer fjarri, að stefnandi hafi farið illa út úr þessum málum eða sé á nokkurn hátt á flæðiskeri stödd, hún er á besta aldri, hraust og vel á sig komin á allan hátt, bráðfalleg kona, vel menntuð, með góða atvinnumöguleika, enda í fastri tiltölulega vel launaðri stöðu, og svo framvegis. Sambúðarslitin hafa því ekki valdið henni röskun á stöðu og högum. Það er hinsvegar vafalaust, að í flestum ef ekki öllum málum, sem dæmd hafa verið út af sambúðarslitum, hefir það haft nokkur áhrif, óbeint, að um var að tefla umkomulítið fólk með takmarkaða möguleika í lífinu. Slíku er ekki til að dreifa í þessu máli.“

V.

Niðurstaða réttarins.

Fallast ber á það með stefnanda, að stefnandi eigi rétt á greiðslu úr hendi stefnda vegna vinnuframlags stefnanda á sameiginlegu heimili þeirra, á meðan á sambúðinni stóð, en leggja ber til grundvallar, að sambúðin hafi staðið frá 15. október 1970

til 6. september 1973. Við ákvörðun þeirrar greiðslu ber í fyrsta lagi að hafa í huga, að stefnandi vann fulla vinnu utan heimilis mestallan sambúðartímann, og í öðru lagi ber að taka tillit til tímalengdar sambúðartímans. Hins vegar verður að telja, að aðiljarnir hafi notið þess að jöfnu, að barn þeirra dvaldi á sameiginlegu heimili þeirra, á meðan á sambúðinni stóð.

Aðiljar málsins unnu báðir utan heimilis og töldu hvort um sig fram til skatts þann tíma, sem þau bjuggu saman, og virðist fjárhagur þeirra hafa verið aðskilinn. Um eignauppgjör við lok óvígðrar sambúðar eru ekki skráðar lagareglur.

Telja verður nægjanlega upplýst, enda þótt sönnunarmat í slíkum tilfellum, sem hér um ræðir, sé oft mjög örðugt úrlausnar, að stefndi hafi notið stuðnings stefnanda við fjárfestingu hans á íbúðinni að Maríubakka 16, sem hann hélt eftir við sambúðarslitin. Við ákvörðun á greiðslu úr hendi stefnda til stefnanda þykir mega líta til þessa atriðis.

Þegar málavextir eru allir virtir og jafnframt tekið tillit til hinnar viðurkenndu skuldar stefnda að fjárhæð kr. 95.000, þykir stefnandi eiga rétt til greiðslu úr hendi stefnda, sem þykir hæfilega ákveðin 600.000 krónur.

Ber stefnda að greiða stefnanda ofangreinda fjárhæð með 9% ársvöxtum frá 6. september 1973 til 1. ágúst 1974, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní 1979, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags.

Um dómvexti segir svo í 1. gr. laga nr. 56/1979, að þeir „skuli vera jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma.“ Skýra ber þetta ákvæði 1. gr. laganna, m. a. með hliðsjón af umræðum á Alþingi, á þann veg, að dómvextir séu 34.5% ársvextir frá 14. júní 1979 til 1. september 1979 og 39.5% ársvextir frá þeim degi til dagsins í dag, sbr. auglýsingu Seðlabanka Íslands 29. maí 1979 og 30. ágúst 1979.

Með vísan til 3. gr. laga nr. 56/1979 þykir eigi vera ástæða til að tilgreina upphæð dómvaxta í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 200.000.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari dæmir mál þetta.

Dómsorð:

Stefndi, Pétur Þór Gunnlaugsson Melsted, greiði stefn-

anda, Valgerði Hönnu Engilbertsdóttur, kr. 600.000 með 9% ársvöxtum frá 6. september 1973 til 1. ágúst 1974, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní 1979, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 200.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. júní 1982.

Nr. 129/1979. **Landmælingar Íslands**

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Braga Guðmundssyni

Jóni Ernst Ingólfssyni

Dagnýju Guðmundsdóttur

Guðrúnu Ríkharðsdóttur

og Myndkorti s/f

(Skarphéðinn Þórisson hrl.).

Höfundaréttur. Landakort. Skaðabætur. Lögbannsgerð úr gildi felld. Sérátkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Afrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. júlí 1979. Hann krefst staðfestingar lögbanns, sem fram fór í fógetarétti Reykjavíkur 14. febrúar 1978 við útgáfu og dreifingu einblöðungsins „Welcome to Iceland“, svo og þess, að stefndu verði óskipt dæmd til að greiða honum 15.000.00 kr. með 19% ársvöxtum frá 16. mars 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979 og dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst afrýjandi með sama hætti málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.